

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Blesastaðir III.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Nýr reitur fyrir íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir 6 nýjum íbúðarhúsum.
2. Afmörkun svæðis fyrir verslun og þjónustu breytist.
3. Afmörkun svæðis fyrir fristundabyggð breytist lítillega.
4. Svæði fyrir þjónustustofnanir breytist lítillega.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.